

**130. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti
16-18,
28. október 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir aðalmaður, Einar Brandsson varamaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurbórsdóttir fulltrúi og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fyrir tekið:

1. 1810139 - Skólabraut 9, gamli lönskólinn - viðhald húss

Minnisblað vegna viðhalds.

Karl Jóhann Haagensen situr fundinn undir þessum lið.

Lagt fram minnisblað um kostnað við viðhald hússins. Að öðru leyti er málínu vísað til afgreiðslu í bæjarráði.

2. 1910179 - Fjöliðjan

Minnisblað vegna brunatjóns á Fjöliðjunni.

Lagt fram minnisblað um mat vegna brunatjóns sem varð á Fjöliðjunni við Dalbraut 10.

Karl Jóhann Haagensen vék af fundi eftir þennan fundarlið.

3. 1606006 - Aðalskipulag - endurskoðun 2018-2030

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs fór yfir stöðu mála varðandi heildarendurskoðun á aðalskipulagi Akraneskaupstaðar. Skipulags- og umhverfisráð leggur áherslu á að vinna við endurskoðun aðalskipulags fái forgang.

4. 1903467 - Langisandur, Guðlaug, Sólmundarhöfði - Útvistarsvæði, hönnun, skipulag og framkvæmdir

Samantekt vegna mögulegs forvals fyrir hugmyndasamkeppni um skipulag og hönnun Langasandssvæðis.

Sindri Birgisson umhverfisstjóri og Sædís Sigurmundsdóttir verkefnastjóri sitja fundinn undir þessum lið.

Sindri og Sædís fóru yfir minnisblað er varðar hugmyndir hvernig staðið skal að vinnu við skipulag við Langasand, Jaðarsbakka og Sólmundarhöfða, ásamt uppbyggingu í kringum Guðlaugu.

Skipulags- og umhverfisráð felur Sædísí og Sindra að vinna málid áfram í takt við umræður á fundinum.

5. 1907134 - Deiliskipulag Stofnanareitur - Presthúsabraut 23

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs 18. júní s.l. var samþykkt grenndarkynning vegna byggingar á nýju húsi á Presthúsabraut 23.

Grenndarkynnt var skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010, fyrir eigendum

QS

við Presthúsabraut 21, 22, 24, 25, 26, 28 og Ægisbraut 15 og 17. Grenndarkynnt var frá 9. júlí til og með 7. ágúst 2019, engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórmartíðinda.

6. 1908004 - Höfðabraut - umferðarhraði

Tillaga að einstefnu.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirliggjandi tillögu um einstefnu á Höfðabraut til austurs. Um verði að ræða tilraun sem skal unnin í nánu samstarfi við lögreglu og íbúa svæðisins.

7. 1910187 - Asparskógar 8 - Umsókn um byggingarleyfi

Óskað er eftir óverulegu fráviki frá stæðr þar sem B-rými fer 26,7 m², fram yfir stærð.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að nýtingarhlutfall (A- og B- rýma) á lóðinni verði 0,48 í stað 0,46 skv. deiliskipulagi. Aukið nýtingarhlutfall vegna gerð svalaganga (B-rýma umfram það sem gert var ráð fyrir í deiliskipulagi). Byggingin er innan byggingarreits og ákvæða um hámarkshæð. Breytingin varðar ekki hagsmuni annarra en Akraneskaupstaðar og umsækjanda og telst því óverulegt frávik frá deiliskipulagi. Deiliskipulagsbreytingin er samþykkt skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslag nr. 123/2010.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:40.

Ragnar Þórmundsson
 Ómar Brandsson
 Guðrún Þórunn Jóhannsdóttir
 Sigrun P. Hauksdóttir
 Ræðdis Sigurð. Þó.
 Stefán Þ. Þ. Steiner